



# BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1144*  
*komudagur 25.2.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK


Reykjavík 25. febrúar 2004

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingu.

Blindrafélagið hefur tekið til umfjöllunar Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingu. 552. mál, gjaldtaka og fleira lagt fram á 130. löggjafarþingi.

Stjórn félagsins var einróma á þeirri skoðun að frumvarpið yrði tekið af dagskrá en farið yrði í vinnu við gerð laga um Sjónstöð Íslands og óskar stjórnin eftir því að Blindrafélagið komi að þeirri vinnu þar sem þetta er grundvallarhagsmunamál blindra og sjónskertra á Íslandi.

Virðingarfyllst  
f.h. Blindrafélagsins

  
Sigurjón Einarsson formaður



*Alþingi**Erindi nr. P 130/1020**komudagur 20. 2. 2004*


Nefndasvið Alþingis  
b.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur  
Alþingi við Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. febrúar 2004  
MH/gh

**Varðar frumvarp til laga um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 552. mál.**

Landlæknisembættið gerir engar athugasemdir við ofangreint frumvarp

Virðingarfyllst,



Matthías Halldórsson  
aðstoðarlandlæknir

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1190*  
*komudagur 27.2.2004*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Heilbrigðis og trygginganefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 26. febrúar 2004

Landssambandi eldri borgara hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 18-1984, um þjónustu og endurhæfingarstöð sjónskertra, 552 mál.

Í fljótu bragði virðist ekki augljóst að frumvarp þetta, sem sagt er í athugasemdum að samið sé í heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við yfirlækni þjónustustöðvarinnar, hafi mikla efnislega þýðingu.

Það virðist þó nokkuð ljóst bæði af breytingunni á 2. mgr. 5.gr. og á breytingunni á 11. gr. að tilgangurinn sé að draga úr áhrifum stjórnar stofnunarinnar og færa til framkvæmdarvaldsins. Fyrir þörfinni á því eru hinsvegar ekki færð nein rök í athugasemdum með frumvarpinu.

Framkvæmdastjórn LEB leggst því heldur gegn því að ákvæði frumvarps þessa verði að lögum.

F.h. framkvæmdastjórnar LEB

---

Benedikt Davíðsson  
Borgartún 30-105 Reykjavík  
Sími: 535-6000

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 130/1380**  
**komudagur 16. 3. 2004**

 **TRYGGINGASTOFNUN**  
**RÍKISINS**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 12. mars 2004  
KG/KSG/025/04

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 552. mál**

Tryggingastofnun ríkisins vill þakka Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis fyrir að fá að koma að umsögn um ofangreint frumvarp.


Frumvarpið er að mestu í samræmi við ákvæði laga um almannatryggingar sem snúa að þátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði við öflun annarra hjálpartækja.

Í 3. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar er þó að finna ákvæði sem e.t.v. gæti einnig nýst í þessu frumvarpi og myndi þá hljóða þannig sem viðbót við 5. gr. frumvarpsins:

*Afla skal greiðsluheimildar frá stofnuninni fyrir fram. Stofnunin getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis.*

Beðist er velvirðingar á hversu dregist hefur að koma með umsögn þessa.

Virðingarfyllst,  
Tryggingastofnun ríkisins



Karl Steinar Guðnason  
forstjóri



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík  
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701  
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1411  
komudagur 17.3.2004

Reykjavík, 15. mars 2004.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 Reykjavík.

Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1984, um þjónustu- og endurhæfingarástöð blindra, með síðari breytingum.**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint stjórnarfrumvarp, þskj. 830, 552. mál.

Bandalagið telur efni frumvarpsins brjóta gegn þeim markmiðum grunnreglna Sameinuðu þjóðanna að jafna kjör fatlaðra. Óeðlilegt verður að telja að krefjast gjalds vegna hjálpartækja fatlaðra sem þeir geta ekki verið án vegna almennra starfa og tómstunda. Ísland sker sig úr á meðal annarra Norðurlanda hvað snertir gjaldtöku fyrir hjálpartæki fatlaðra. Hér á landi er ætlast til að sveitarfélög kaupi hjálpartæki vegna skólagöngu nemenda, vinnuveitendum er gert skylt að kaupa slík tæki vegna atvinnu fatlaðra og notendum tækja eins og heyrnartækja er gert að greiða svo há gjöld fyrir tækin að lífeyrisþegar, sem eingöngu hafa tekjur af lífeyri almannatrygginga, geta oft á tíðum ekki leyst þau út. Frumvarp sem það, sem hér er fjallað um, skerðir möguleika blindra og sjónskertra til þess að taka þátt í þjóðfélaginu. Sérstök gjaldtaka hindrar þátttöku þeirra í atvinnulífnum og mismunar þeim umfram aðra þegna þjóðfélagsins.

Öryrkjabandalag Íslands beinir því til hæstvirts Alþingis að þegar í stað verði ráðist í heildarendurskoðun laga nr. 18/1984 og verði við endurskoðun laganna þess gætt að grunnreglur Sameinuðu þjóðanna verði hafðar í heiðri. Hið sama gildir um aðrar þjónustustofnanir ríkisins. Öryrkjabandalag Íslands lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í slíkri endurskoðun.

Virðingarfyllt,

*Arnbór Helgason*

Arnbór Helgason, framkvæmdastjóri